

REGLUR

um afmörkun á kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um greiningu og afmörkun á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

2. gr.

Aðferðafræði við að greina og afmarka kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

Um greiningu og afmörkun Seðlabanka Íslands á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á alþjóðavísu og röðun þeirra í flokka eftir kerfislegu mikilvægi fer eftir framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014 frá 8. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 72-81.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1608 frá 17. maí 2016 um breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislegra stofnana á alþjóðavísu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 106-108.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í i-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 22. september 2021.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.